

Vegagerð og mótvægisáðgerðir

Auður Magnúsdóttir

VSÓ Ráðgjöf

Ágrip

Sumarið 2002 vann VSÓ Ráðgjöf rannsókn sem sneri að mótvægisáðgerðum tengdum framkvæmdum Vegagerðarinnar. Úttekt var gerð á útgefnum matskýrslum Vegagerðarinnar frá árinu 1994 til 2002 ásamt tilheyrandi úrskurðum Skipulagsstofnunar og úrskurðum umhverfisráðherra. Tilgangurinn með rannsókninni var að gefa yfirlit yfir framsetningu og skilvirkni mótvægisáðgerða í vegagerð.

Allar mótvægisáðgerðir sem lagðar voru til í skýrslum, umsögnum, athugasemdum og úrskurðum voru skráðar og flokkaðar, annars vegar eftir umhverfisþáttum og hins vegar eftir eðli áðgerðanna. Út frá þessum flokkunum fengust þær niðurstöður að flestar mótvægisáðgerðir eru settar fram vegna röskunar gróðurs, sjónrænna áhrifa, efnistöku og áhrifa á fiska, landnotkun og fornleifar. Meira en helmingur áðgerðanna er þess eðlis að þær eiga að koma í veg fyrir umhverfisáhrif, draga úr eða lágmarka þau. Hins vegar eru áðgerðir sem eru í formi bóta í minnihluta.

Flestar mótvægisáðgerðir eru lagðar fram í matskýrslum Vegagerðarinnar en næstflestar eru lagðar fram í umsögnum.

Mótvægisáðgerðir eru stundum settar fram meira í formi almennrar varkárni frekar en markvissra mótvægisáðgerða við ákveðnum áhrifum og skortir á að tekið sé fram hver eigi að framkvæma áðgerðirnar, hvernig og hvenær. Lagðar voru fram tillögur til úrbóta í þessum efnum ásamt tillögum að úrbótum í framsetningu og eftirfylgni mótvægisáðgerða. Í rannsókninni kom fram að eftirfylgni mótvægisáðgerða er nokkuð ábótavant og má segja að þar sé um að kenna ákveðnu tómi sem tekur við eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar hefur verið kveðinn upp. Lagt er til samstarf stofnana til þess að skapa verklag sem tryggir framkvæmd mótvægisáðgerða. Jafnframt þyrfti að gera sérstakar rannsóknir á virkni mótvægisáðgerða til þess að varpa ljósi á hvort þær skila tilætluðum árangri.

Á heildina litið var það niðurstaða rannsóknarinnar að Vegagerðin væri á réttari leið varðandi mótvægisáðgerðir þó svo að bæta mætti framsetningu og ígrunda tillögur að mótvægisáðgerðum betur.